



Subfrau-hópurinn Þær Lotten Roos, Ida Löken, Sonja Ahlfors og Joanna Wingren eru glæsilegar stúlkur á bakvið leikhúsfarðann.

Norræni leikhópurinn Subfrau mun setja upp sýningu í Borgarleikhúsinu í kvöld og annað kvöld. Þær hafa vakið athygli fyrir að bregða sér í karlhlutverk, og taka dæmið alla leið.


Dragkóngar í Borgarleikhúsinu

„Við erum búnar að vera að túra um Norðurlöndin og Reykjavík er síðasta stoppið,“ segir Lotten Roos sem er meðlimur hópsins Subfrau sem staddur er hér á landi. Hópurinn samanstendur af átta norrænum leikkonum sem sett hafa upp fimm sýningar þar sem þær stúdera karlhlutverk og konur í leikhúsi. Þær vinna sýningarnar þannig að þær bregða sér í hlutverk sem áður hafa verið leikin af karlmönnum og eru heldur ófrýnilegar að sjá.

„Þetta tengist ekkert endilega samkyn-

hneigð þó svo að margir gestir á sýningunum séu samkynhneigðir. Annars er fólk alveg niður í 12 ára að skemmta sér konunglega á sýningunum, þetta er við allra hæfi,“ segir Lotten aðspurð um þetta dragkóngapema.

„Meginmarkmið okkar er að kynnast karlpersónum í leikritum. Þegar við útskrifuðumst úr leiklistarskóla pirraði það okkur mjög mikið hvað það voru miklu fleiri karlhlutverk en kvenhlutverk. Karlhlutverkin voru líka þannig byggð upp að þeir fengu



Leggjafagrir karlmenn Þeir eru spengilega vaxnir þessir karlmenn.



að berjast í stríði og koma með heimspeki- legar vangaveltur. En kvenhlutverkin snerust leiðinlega mikið um tíðahringinn og heimilisstörf,“ bætti Lotten við.

Subfrau-hópurinn, sem kemur frá Nor- egi, Svíþjóð og Finnlandi, mun sýna stykkið Subfrau Acts í Borgarleikhúsinu klukkan átta í kvöld og annað kvöld. Lotten lofar því að Íslendingar muni geta skemmt sér og hlegið datt og er fólk hvatt til þess að láta sjá sig á þessa forvitnilegu sýningu.